



REGLUR UM HVATAGREIÐSLUR REYKJANESBÆJAR

Bæjarstjórn Reykjanessbæjar hefur samþykkt að hvatagreiðslur fyrir foreldra barna á aldrinum 6 til 18 ára séu kr. 40.000.- frá 1. janúar 2021 til niðurgreiðslu á viðurkenndu íþróttá, -tómstunda- og listgreinastarfi.

Úthlutun hvatagreiðslna fer fram í gegnum Hvata vefskráningar- og greiðslukerfi (Nóri, Sportabler o.s.frv.).

Þegar forráðamenn skrá barn til þátttöku í íþrótt eða tómstund þurfa þeir að haka við kassann „nota hvatagreiðslur“ og þá lækkar upphæð æfingagjalda um þá upphæð sem nemur inneign hvatagreiðslna fyrir barnið.

Greiðslan getur að hámarki numið kostnaði við námskeið. Skilyrði er að um skipulagt starf sé að ræða, sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða kennara/leiðbeinanda.

Skilyrði er að bæði barn og foreldri eigi lögheimili í Reykjanessbæ.

(ATH barn getur einungis fengið hvatagreiðslur hjá því foreldri sem að barnið er með lögheimili hjá ef um sameiginlega forsjá er að ræða).

Hvatagreiðslur sem búið er að ráðstafa í æfingagjöld er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra til viðkomandi.

Hvatagreiðslur nýtast ekki fyrir Frístundaheimili skólanna.

Hafi viðkomandi ekki nýtt sér hvatagreiðslur að hluta eða að fullu falla eftirstöðvar niður um áramót.

Allar fyrirspurnir tengdar hvatagreiðslum skal senda á netfangið hvatagreiðslur@reykjanessaer.is